

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Snorrabraut 60.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 24. september 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Heilsuverndarreit“ vegna lóðarinnar Snorrabraut 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vættaborgir 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 6. mars 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Borgarhverfi“ vegna lóðar Borgaskóla að Vættaborgum 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bólstaðarhlíð 47.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 6. mars 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kennaraháskóla Íslands/Sjómannaskóla Íslands, vegna lóðar Háteigsskóla að Bólstaðarhlíð 47.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurfell 17-19.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 6. mars 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt III vegna lóðar Fellaskóla að Norðurfelli 17-19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 31. mars 2009.

Ólöf Örvarsdóttir.